

Hamar landaði þriðja bikarmeistaratitlinum í röð



Hamar tryggði sér þriðja bikarmeistaratitlinn í röð í blaki karla um síðustu helgi, með sigri á Vestra, 3:1. Keppnin um Kjörisbikarinn fór fram í Digranesi í Kópavogi um síðustu helgi. Vestri vann fyrstu hrinu eftir kraftmikla innkomu 25:20. Ógnarsteik lið Hamars svaraði þó fyrir sig í annarri hrinu og unnu hana 25:19. Hamar komst yfir í þriðju hrinu með miklum yfirburðum 25:14. Hvergerðingar tryggðu sér svo titilinn í fjórðu hrinu með 25:21-sigri. Maður leiksins var Marcin Graszka úr Hamri en hann var stígahæstur á vellinum með 20 stig. Mynd: Mummi Lú

Fjögur tilboð bárust í byggingu nýrrar Hamarshallar



Tölvumynd af nýrri Hamarshöll.

Þann 9. mars sl. rann út frestur til að skila inn tilboði í byggingu nýrrar Hamars-hallar. Alls bárust 4 tilboð í verkið.

Skipuð hefur verið matsnefnd á vegum Hveragerðisbæjar, sem í sitja fimm fulltrúar, þar á meðal einn arkitekt. Hlutverk matsnefndarinnar er að meta þau tilboð og fylgigögn sem bárust.

Matsnefndin hefur nú tvær vikur til þess að rýna gögnin og meta tilboðin. Þann 23. mars verða síðan verðtilboð opnuð og heildarniðurstöður tilboða ætti því að liggja fljótlega fyrir eftir það.



FSu keppir um hljóðnemann í fyrsta sinn í 37 ár

Lið Fjölbrotaskóla Suðurlands er komið í úrslit í Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna, eftir glæsilegan sigur á Verkmennaskólans Austurlands síðasta föstudagskvöld. Munu þau Ásrún Aldis Hreinsdóttir, Heimir Árni Erlendsson og Elín Karlsdóttir því mæta liði Menntaskólans í Reykjavík í úrslitaviðureign Gettu betur í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ, sem sýnd verður í beinni útsendingu á RÚV næsta föstudagskvöld.

Dýrðarljómi FSu reis hátt þegar lið skólans, skipað þeim Sveini Helgasyni, Sigurði Eyþórssyni og Lýð Pálssyni, bar sigur úr býtum í allra fyrstu úrslitakeppni Gettu betur, gegn Flensborgarskólanum með því

að ná sex stigum í lokaspurn-ingunni og sigra 43-41. Í dag eru 37 ár síðan Gettu betur hóf göngu sína árið 1986, en síðan þá hefur skólanum ekki tekist að komast alla leið í úrslit, fyrr en nú!

Við kynntumst þessum flottu krökkum í viðtali sem birtist fyrr í vetur. Í aðdraganda stóru keppninnar hafði blaðamaður samband við þau og spurði hvernig þeim liði núna og hversu „peppuð“ þau væru fyrir keppninni á föstudag.

Við hjá Dagskránni óskum Ásrúnu, Elínu og Heimi innilega til hamingju með þennan frábæra árangur og hlökkum til að sjá þau takast á við MR á föstudagskvöld.

ÁFRAM FSU!



Fáðu
fagmann
í verkið

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Rafverktakar · Verslun
Öryggis-, myndavéla-
og loftnetskerfi

Framúrskarandi
fyrirtæki 2013

Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



AÐALSKOÐUN

Engar tímapantanir,
bara að mæta!



Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)

Hrós vikunnar

Ingi Þór Jónsson

er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Ingi Þór Jónsson

Mig langar að hrósa þeim sem standa að Frí-skápnnum í Gagnheiði 32 þar sem markmiðið er að minnka matarsóun með því að deila neysluhæfum matvælum milli fólks.

Ingi Þór Jónsson

Og mig langar að skora á dugnaðarforkinn, húmoristann og fyrrum nágranna minn Einar Björnsson til að koma með hrós vikunnar í næstu viku.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Endilega sendu okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



Martröð sem var raunveruleikinn

Stórtjón á Eyrarbakka eftir að rafhlaða í rafmagnshlaupahjólí sprakk

Rétt fyrir miðnætti síðastliðinn sunnudag voru hjónin Birna Gylfadóttir og Ívar Björgvinsson að Kirkjuhvoli á Eyrarbakka í mestu makindum að horfa á þátt í sjónvarpinu. Tveir yngri synir þeirra, Daniel Örn 12 ára og Ívan Gauti 11 ára, voru sofnaðir og sá elsti, Hlynur Fannar 17 ára, var inni hjá sér að spila tölvuleik. „Allt í einu heyrðum við þessar rosa-legu drunur, svo bara BÚMM, svo mikill hvellur að gardínurnar fóru á flug,“ segir Birna sem lenti í þeirri ómurlugu lífsreynslu að rafhlaða í Tt-2t Electric scooter rafmagnshlaupahjólí, sem keypt var í Húsasmiðjunni síðastliðið vor, sprakk inni í þvottahúsi hjá þeim, með þeim afleiðingum að það kviknaði í hjólinu og allt fylltist af reyk á nokkrum sekúndum.“

Eitthvað sem enginn ætti að upplifa.

„Við hjónin hlupum inn í reykinn og eldinn, Ívar þurfti að skriða á gólfinu með slökkvítæki til að ná að slökkva eldinn, slíkur var reykurinn, og ég til að ná strákunum út. Ég ætlaði ekki að ná að vekja Ívan Gauta og draga hann út en það hafðist með því að draga hann fram á gang af öllum lífs og sálar kröftum. Það að vera inni í kolniðamykrri, sjá ekkert, ná ekki að anda og reyna að koma barninu sínu út er eitthvað sem enginn ætti að þurfa að upplifa. Ívar náði með einhverjum óskiljanlegum hætti að slökkva eldinn sem logaði glatt. Slökkvilið kom, ásamt lögreglu og sjúkrabíl, og reykræsti húsið. Strákarnir sluppu, enda komum við þeim út á undraverðum hraða,“ segir Birna.


Þá segir Birna að mikil gæfa hafi fylgt þeim þrátt fyrir hamfarirnar. „Hlynur Fannar var

tekinn í skoðun í sjúkrabílnum þar sem hann hljóp inn og út úr húsinu með neyðarlinuna í símanum á meðan við vorum inni að ná hundunum út en þau frusu bara í sófanum og við þurftum að fara inn að sækja þau. Við vorum bæði skoðuð og Ívar fékk súrefni. Við vorum sóttsvört í nefi, munni og koki. Ég fann fyrir smá óþægindum við andardrátt en var annars í lagi. Þvílík gæfa! Fjölskyldan fór því eftir miðnætti á 3 mismunandi náttstaði á náttbuxum og narium einum fata.“

Ekki er hægt að lýsa þessu með orðum.

Það fór því sannarlega betur en á horfðist, en Birna þakkar fyrir að hafa ekki verið sofnuð. „Það var spurning um sekúndur að ná að vekja strákana og koma þeim út og svo var ég bara orðin blind af reyk. Ég er voða lítill í mér og hljóðin sem fylgdu sprengingunni er eitthvað sem við hjónin höfum rætt, þau óma í höfðinu á okkur. Þetta er eitthvað sem maður getur ekki lýst með orðum. Við eyddum öllum deginum í þríf í von um að geta gísta heima í nótt, en það er allt óvíst í þeim efnum, eins hvort öllum fatnaði verði bjargað eða þurfi að henda. Pestin og sótið er engu lagi líkt,“ segir Birna.

Þrátt fyrir að hafa eytt mest öllum deginum eftir brunann í þríf, þurfti fjölskyldan að leita að öðrum náttstað því húsið er enn óíbúðarhæft og tjónið töluvert meira en fyrst leit út fyrir þegar þau fóru að fara yfir eignum. Birna og Ívar heimsóttu tryggingafélagið sitt daginn eftir brunann. Þar kom í ljós að tryggingarnar þeirra dattu niður fyrir innan við mánuði. „Það var mitt klúður að átta mig ekki á þessu en við erum ótryggð og



Hjónin Birna Gylfadóttir og Ívar Björgvinsson að Kirkjuhvoli.

Þetta lendir því allt á okkur, tilfinningalegt og veraldlegt tjón. Við erum alveg sigruð.“

Þakklát en aum á sálinni

„Þetta var eins og að vera stödd í martröð sem var raunveruleikinn. Það að ná ekki að vekja Ívan Gauta og þurfa svo að beita öllum mínum kröftum til að draga hann út úr reyknum á meðan Ívar fór enn lengra inn og náði að slökkva eldinn var ólýsanlegt. Við getum notað fötin sem við erum í og næstu dagar munu fara í að fara yfir það sem náðist að bjarga og sjá hvað sé hægt að þvo. Við vitum lítið að svo stöddu og húsið er óíbúðarhæft.

Við eigum ótrúlega vini sem voru mættir í dag með hanska til að hjálpa okkur að henda ónýta dótinu okkar. Við erum aum á sálinni en um leið þakklát fyrir að ekki fór verr. Við þurfum að vinna úr þessu og standa saman en þetta er sárt. Við erum komin með samastað á meðan við getum ekki búið heima.“

Þau sem vilja styðja við bakið á fjölskyldunni sem á um sárt að binda eftir brunann geta lagt inn á reikning 0370-26-025500, kt 060786-2409. Margt smátt gerir eitt stórt.

HGL





Sjáumst á Selfossi

Við tökum vel á móti þér á Austurvegi

Messað í fjósinu í Gunnbjarnarholti

Sunnudagskvöldið 19. mars Snk. kl. 20 verður kúamessa í fjósinu í Gunnbjarnarholti. Kirkjukórar Hrunaprestakalls syngja sálma og lög undir stjórn organistanna Stefáns Þorleifssonar og Þorbjargar Jóhannsdóttur. Kýr, kálfar, mjólk, naut og uxar – allt skoðað og rætt í Bibliulegu ljósi. Ritningarorð, hugvekja, bæn og blessun. Prestur er sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson. Fjósið í Gunnbjarnarholti er með þeim allra stærstu á landinu og þar innan dýra er m.a. afurðahæsta kýr landsins, Fata (sjá á meðfylgjandi mynd). Fata, vinkonur hennar og afkomendur í fjósinu munu eflaust leika við hvurn sinn fingur á meðan á messugjörðinni stend-



ur. Messugestir eru hvattir til að mæta í lopapeysu og föðurlandi. En kröftugur söngur og rjúkandi kaffi í boði heimilisfólksins í Gunnbjarnarholti munu þó gera sitt til að halda hita í messu-

gestum í fjósinu. Sjáumst í kúamessu í Gunnbjarnarholti á sunnudagskvöldið – verið öll velkomin!

Hrunaprestakall

Parafimi Suðurlandsdeildar Cintamani í hestaíþróttum 2023

Í síðustu viku fór fram Parafimi í Suðurlandsdeild Cintamani í hestaíþróttum 2023. Það var mikil tilhlökkun í loftinu þar sem þetta var fyrsta grein deildarinnar í ár. Það voru 26 pör sem tóku þátt úr 13 liðum og var frábær stemning í húsinu.

Eftir æsispennandi forkeppni þar sem Ólafur Þórisson og Sarah Maagaard Nielsen úr liði Húsasmiðjunnar leiddu. Á hæla þeirra komu Helga Una Björnsdóttir og Birna Olivia Agnarsdóttir úr liði Nonnenmacher og þriðju Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir og Vilborg Smáradóttir úr liði Black Crust Pizzeria.

Eftir að allir höfðu sýnt úrslita sýningar fór það svo að Helga Una Björnsdóttir og Birna Olivia Agnarsdóttir úr liði Nonnenmacher sigruðu með einkunnina 7.53



Lið Nonnenmacher ásamt hluta af stjórn Suðurlandsdeildar. F.v. Krístrún Ósk Baldursdóttir (Suðurlandsdeild), Eyjalín Harpa Eyjólfssdóttir (Suðurlandsdeild), Annukka Siipola (Nonnenmacher), Sigvaldi Lárus Guðmundsson (Nonnenmacher), Katrín Eva Grétarsdóttir (Nonnenmacher), Helga Una Björnsdóttir (Nonnenmacher), Birna Olivia Agnarsdóttir (Nonnenmacher), Larissa Silja Werner (Nonnenmacher, liðsþjóri) og Eiríkur Vilhelm Sigurðarson (formaður Suðurlandsdeildar).

og fast á hæla þeirra komu Ólafur Þórisson og Sarah Maagaard Nielsen úr liði Húsasmiðjunnar með einkunnina 7.48 og í því

þriðja Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir og Vilborg Smáradóttir úr liði Black Crust Pizzeria.

Við þökkum þeim fjölmörgu áhorfendum sem komu í húsið og einnig þeim sem fylgdust með á Alendis sem og öllum þeim sem komu að Suðurlandsdeildinni í kvöld.

Að loknu fyrsta kvöldi er það því lið Nonnenmacher sem stendur efst en fast á hæla þeirra koma Húsasmiðjan og Árbæjarhjáleiga/Hjarðartún

Suðurlandsdeildin á í frábæru samstarfi við Hestabraut Fjölbautarskóla Suðurlands og aðstoða nemendur hestabrautar við framkvæmd hvers kvölds.

Við sjáum næst 21. mars í Rangárhöllinni á Helli þar sem keppt verður í fjörgang.

Parafimi - Úrslit

Sæti	Lið	Stig
1.	Nonnenmacher	96
2.	Húsasmiðjan	86
3.	Árbæjarhjáleiga / Hjarðartún	84
4.	Vöðlar / Snilldarverk / Sumarliðabær	76
5.	Black Crust Pizzeria	72
6.	Krappi	62
7.	Töltrider	54
8.	Hemla / Hrímnir / Strandarhöfuð	44
9.	Múli hrossarækt / Hestasál ehf.	32
10.	Nagli	32
11.	Syðri-Úlfstaðir / Traðarás	32
12.	Dýralæknir Sandhólaferju	26
13.	Fiskars	4



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraey 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.

Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



SVANSMERKI
Prentgripur
1041 0858

Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Hún er bara alveg óð, ekki vinsæl heim á lóð. Bætt' í staf þá birtist sjór, bætt' í tveim, þ' s fellur snjó.

Svar við gátu í blaði 2691: **DRÁTTUR**
1. **Dráttur**/vöxtur í ánni - 2. **Yfirdráttur**
3. **Dráttur** í Lottóinu - 4. **Dráttur** á hlutunum





Gunnar Borgþórsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Það er mikill heiður að vera tilnefndur og þakka ég vini mínum Inga Rafni fyrir tilnefninguna. Ég verð þó að viðurkenna að eldamennska er ekki mín sterkasta hlið.

Ég elska að búa til og borða góða pizzu með dreitil af rauðvini í góðra vina hópi og er það hápunktur vikunnar. Til þess að geta gert fullkomna pizzu er gott að vera með pizzaofn en hún virkar líka vel í venjulegum heimilisofni.

Mjög mikilvægt er að deigið sé meðhöndlað varlega og hnoðað eingöngu með handafli bæði í undirbúningi og þegar verið er að fletja út. Þegar verið er að hnoða deigið er gott að spjalla við það, hvetja það áfram og hrósa því, það verður mun bragðbetra fyrir vikið.

Pizza Egilsstaðir með Sýr-sósu og hvítlauksolíu

Deigið
500 gr hveiti (00 hvítt hveiti)
250-300 ml volgt vatn (hitað í potti)
1/15 matskeið ólífuolía
2 teskeiðar salt
10 gr þurrger

1. Sigið saman hveiti og salt í sér skál.
 2. Hitið kalt vatn í potti upp í ca 38 gráður.
 3. Hellið vatninu í aðra skál og bætið öllu gerinu við. Blandið saman rólega með fingrum þar til allt gerið hefur leysst upp.
 4. Bætið olíu við vatnið.
 5. Hellið vatninu ofan í hveitið og hræðið rólega með handafli þar til deigið hefur blandast vel saman.
 6. Hnoðið deigið með hveiti á hreinu borði í ca 10 mínútur.
 7. Setjið deigið í hreina skál og leggið rakt og volgt viskastykki yfir eða plastfilnu.
- Til þess að fá fullkomið deig er plastfilma sett yfir deigið og það sett í kæli í 18-30 tíma. Þá verður það extra teygjanlegt og bragðið meira. Þegar deigið er tekið út verður það að ná stofuhita áður en það er flatt út.

Einnig er hægt að setja rakan klút yfir og láta það lyfta sér á borði í 1-2 tíma og fletja strax út.

Ég skora á fagurkerann og lífskúntnerinn Einar Örn Einarsson, umsjónarmann fasteigna, að kasta í einn af sínum dýrindis réttum fyrir næstu viku.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Sýr-sósan

170 gr Hunts tómatsósa
basil, hvítlauk og oregano
170 gr Hunts tómatsósa
2 marin hvítlauksrif
Matskeið af þurru oregano

1. Blandið tómatsósa og tómatsósu saman
2. Merjið hvítlauksrifin og hræðið í sósuna
3. Bætið salti og oregano við og smakkið til

Hvítlauksolían

4 fersk, marin hvítlauksrif
2 dl Ólífuolía
Klípa af salti

Álegg

Rauðvínssalami frá SS
Fersk mozzarella-kúla
Dass af rauðlauk
Dass af rjómaosti
Svartur pipar
Klettasalat

Pizzan sett saman

Deigið er flatt út með handafli og teygð til. Sósunni er dreift á með skeið.

1. Stráðið mozzarella osti á pizzuna
 2. Skerið rauðvínssalami í þunnar sneiðar og raðið á pizzuna
 3. Skerið rauðlauk gróft og stráðið yfir
 4. Skvettið rjómaosti yfir pizzuna
 5. Dass af svörtum pipar
- Hitið ofninn í 220 gráður á blæstri eða kveikið á pizzaofni og látið hann hitna í 20 mínútur.

Þegar pizzaendarnir eru dökkbrúnir er pizzan klár. Takið hana út, hellið hvítlauksolíu rólega yfir og dreifið úr klettasalat ofan á pizzuna. Skerið og njótið.

FSu keppir um hljóðnemann í fyrsta sinn í 37 ár

Lið Fjölbautaskóla Suðurlands er komið í úrslit í spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur eftir glæsilegan sigur á Verkefnaskóla austurlands síðasta föstudagskvöld. Munu þau Ásrún Aldís Hreinsdóttir, Heimir Árni Erlendsson og Elín Karlsdóttir því mæta liði Menntaskólans í Reykjavík í úrslitaviðureign Gettu betur í Hljómahöllinni í Reykjaneshæ, sem sýnd verður í beinni útsendingu á RÚV næsta föstudagskvöld.

Dýrðarljómi FSu reis hátt þegar lið skólans, skipað þeim Sveini Helgasyni, Sigurði Eyþórssyni og Lýð Pálssyni, bar sigur úr býtum í allra fyrstu úrslitakeppni Gettu betur, gegn Flensborgarskólanum með því að ná sex stigum í lokaspurningunni og sigra 43-41. Í dag eru 37

ár síðan Gettu betur hóf göngu sína árið 1986, en síðan þá hefur skólanum ekki tekist að komast alla leið í úrslit, fyrr en nú!

Við kynntumst þessum flottu krökkum í viðtali sem birtist fyrr í vetur. Í aðdraganda stóru keppninnar hafði blaðamaður samband við þau og spurði hvernig þeim liði núna og hversu „peppuð“ þau væru fyrir keppninni á föstudag.

„Af minni hálfu er þetta auðvitað algjörlega geggjað þar sem ég ætlaði ekki einu sinni að taka þátt í ár! (en er auðvitað mjög fegin að hafa gert það núna). Ég held líka að ég hafi engan veginn verið að búast við því að komast svona langt, en það er bara svo geggjað að vera með þessum krökkum í liði, við vinnum svo vel saman og erum eiginlega bara orðin eins og



Elín, Ásrún og Heimir voru alsæl með úrslitin. Mynd: Skjáskot/RÚV

systkini. Ég er mjög spennt fyrir föstudeginum og hugarfarið er algjörlega bara það að þetta fer eins og það fer, það er hvort sem er alltaf sigur að komast svona langt,“ segir Ásrún.

Heimir segir: „Guð, þetta er erfitt spurning. Ég er svakalega peppaður og spenntur fyrir þessu og á erfitt með að koma gleðinni minni í orð. Það eina sem mun gera þetta betra er sigur gegn Reykvíkingunum. Mér líður eins og þetta lið sé með liðsheild sem hefur sjaldan sést í sögu Gettu Betur. Hrós þarf að bendast til þjálfarans okkar, honum

Stefáni Hannessyni, að hafa náð að byggja svona gott lið. Ég er þakklátur fyrir þessa upplifun og lofa að gera mitt besta til að koma með hljóðnemann heim.“

„Það er alveg frábært að vera komin svona langt og að allar æfingarnar og metnaðurinn hafi borgað sig. Við höfum lagt okkur öll fram í þetta og liðið vinnur mjög vel saman og held ég að það sjáist hvað við höfum gaman að þessu. Ég hef góða tilfinningu varðandi keppnina og hlakka til föstudagskvöldsins. Þessi reynsla hefur verið ógleymanleg og er það alltaf

jafn skemmtilegt að keppa. Einnig er það mjög styrkjandi að heyra hversu margir Sunnlendingar eru áhugasamir og glaðir fyrir okkar hönd. Sama hvernig föstudagurinn fer er ég stolt af liðsfélögum mínum og sjálfri mér. Það verður vonandi föstudagur til frægðar fyrir FSU!“, segir Elín.

Við hjá Dagskránni óskum Ásrúnu, Elínu og Heimi innilega til hamingju með þennan frábæra árangur og hlökkum til að fylgjast með þeim takast á við MR á föstudagskvöld.

ÁFRAM FSU!



Stuðningssveit FSu var til fyrirmyndar. Mynd: Skjáskot/RÚV



Við leitum að traustu starfsfólki

Sumarstörf hjá Olís

Olís auglýsir eftir hressu og duglegu sumarstarfsfólki á allar stöðvar Olís.

Um er að ræða fjölbreytt og skemmtilegt starf í líflegu umhverfi en veitingasala er á mörgum stöðvanna.

Helstu verkefni:

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Áfyllingar og vörumóttaka
- Þríf og annað tilfallandi

Hæfniskröfur:

- Snyrtimennska og reglusemi
- Jákvæðni, dugnaður, þjónustulund og stundvísi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Við hvetjum unga sem eldri af öllum kynjum til að sækja um. Kiktu á laus sumarstörf hjá Olís í þínu bæjarfélagi á Alfreð eða jobs.50skills.com/olis/is



JAFNLAUNAVOTTUN
2022-2025

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, uppbyggileg samskipti og fagleg vinnubrögð.



Frískápur á Selfossi

Minnekum matarsóun og hjálpum öðrum í leiðinni

Í síðustu viku opnaði tíundi frískápurinn í hinni ört vaxandi íslensku frískápaflöru. Sá er staðsettur við Nytjamarkaðinn á Selfossi, að Gagnheiði 32, og hefur fengið frábærar viðtökur frá því hann opnaði miðvikudaginn 8. mars.

Frískápar eru þekktir viðs vegar um heiminn en eru tiltölulega nýtt fyrirbrigði á Íslandi. Frískápur er deiliskápur sem fólk og fyrirtæki geta komið með matvæli sem yrði annars sóað og gefið áfram til þeirra sem á því þurfa að halda. Skáparnir stuðla að því að minnka mataröðryggi- og sóun og byggja upp sterkara samfélag. Kamilla og Marco, Reykvikingar ársins 2022, komu með þessa hugmyndafræði til landsins og opnuðu fyrsta frískápin í 101 Reykjavík í júní 2021.

Þegar blaðamaður Dagskráinnar leit við sl. föstudag var næstum allt tóm, en á fimmtudag voru allar hillur og skúffur drekkhlaðnar hinum ýmsu kræsingum sem einstaklingar og Almar Bakarí höfðu gefið og augljóst að þörfin fyrir Frískápin var til staðar.

Karen Gestsdóttir er ein af þeim sem komu frískápnunum við Nytjamarkaðinn á Selfossi af stað, en Facebook-hópurinn utan um frískápin telur nú þegar ríflega 700 manns, þrátt fyrir að hafa, þegar þetta er ritað, einungis verið starfræktur í rúma tvo sólarhringa. Við hittum Karen yfir kaffibolla á föstudaginn og fengum að vita meira um þetta flotta verkefni: „Ég bjó í Vesturbænum fyrir nokkrum árum og er ennþá inni í Vesturbæjar-Facebook-hópnum. Þar sá ég að það var verið að opna frískáp hjá Neskirkju og mér fannst þetta mjög sniðugt svo ég byrjaði að kynna mér allt um frískápa, ég hafði séð þá í fréttunum áður og heyrt umræðu um þá svo ég kannaðist við hugtakið.“

Ömurlegt að henda mat

„Ég hef alltaf þælt í því hvað mér finnst ömurlegt að henda

mat, til dæmis eftir veislur og viðburði og áður en maður fer að heiman í lengri tíma, hvað á maður að gera við afgangana sem maður situr uppi með? Ég vil koma þessu í góðar hendur, ég tala nú ekki um hvað allt er búið að hækka í dag, maður sér endalaust af hjálparbeiðnum eins og á Facebook, fólk að óska eftir mataraðstoð, þannig að mér fannst þetta þarft í samfélaginu, ég hef tekið eftir aukningu, bara á þessu ári, á fólki sem er að óska eftir mataraðstoð.“

Karen ákvað því að heyra í Þórdísi sem sér um Frískápin við Neskirkju. „Hún gaf mér fullt af upplýsingum um við hvern ég gæti talað og sagði mér að Lauren Walton væri byrjuð að pæla í að setja upp skáp hérna á Selfossi. Lauren er bresk og býr á Selfossi. Þórdís talaði um að hún væri ekki héðan og vantaði kannski þessa „lókal“ tengingu þannig að ég ákvað að senda henni skilaboð. Hún var þá ekki komin með neina staðsetningu fyrir skápin.“

„Sögðu strax já“

„Ég þekki aðeins til þeirra sem sjá um Nytjamarkaðinn, ég heyrði í þeim og spurði hvort þau vildu taka þátt í þessu og hvort þau væru til í að hafa þetta fyrir utan hjá sér, en skýlin eru alltaf utandrygga svo að frískápurinn sé aðgengilegur allan sólarhringinn. Þau tóku rosalega vel í þetta og sögðu strax já. Þau þurfa að hafa þetta fyrir utan hjá sér og þurfa að skaffa rafmagn og allt svona þannig að við erum rosalega þakklátar fyrir að þau hafi viljað gera þetta. Mér finnst þetta líka alveg frábær staður fyrir skýlið,“ segir Karen glöð í bragði.

Biður enginn um neitt í staðinn

Þá segir Karen að þegar staðsetningin hafi verið komin á hreint hafi verið kominn tími til að útfæra skýlið sjálft. „Íslenskt veðurfar býður ekki upp á annað en að hafa skýli utan um frískápin. Ég hafði samband



Karen Gestsdóttir er ein af þeim sem komu upp Frískápnunum. Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún Lárusdóttir

við Byko, en þau hafa verið að styrkja verkefnið í Reykjavík. Þau sögðu bara já strax, við máttum heyra í þeim hvað við þurftum mikið eða vildum fá. Það var enginn að biðja um auglýsingar eða neitt í staðinn, það tóku bara allir rosalega vel í þetta. Svo þegar við vorum komin með grænt ljós á að fá efni þá kynntum við verkefnið á Facebook-hópnum Íbúar á Selfossi og óskuðum eftir smíð, ég hef hvorki kunnáttu, þekkingu né tíma til að smíða svona skýli, verandi móðir í háskóla og vinnu,“ segir Karen og hlær.

Eitt flottasta skýlið á landinu

„Helgi Haraldsson, smíður hafði strax samband og bauðst til að gera þetta í sjálfböðavinnu. Nokkrum dögum síðar var skýlið tilbúið. Hann teiknaði þetta upp og þældi í veðri og vindum og öllu sem þurfti að pæla í og gerði þetta allt svo vel. Skýlið er rosalega flott og margir hafa sagt að þetta sé eitt flottasta skýlið á landinu og Helgi á mikið hrós skilið fyrir sitt framlag til verkefnisins. Síðan þurftum við að fá einhvern til að tengja rafmagn

inn í skýlið og Ingvar Björn, sem vinnur í Nytjamarkaðnum, hafði samband við Gunnar Þór rafvirkja sem var tilbúinn til að koma og tengja þetta en maður vill auðvitað fá fagfólk í svona verkefni svo þetta sé alveg öruggt. Nytjamarkaðurinn átti allt efnið sem þurfti í rafloagnina og gaf það líka, þannig að þau eru búin að vera alveg ómetanlegur stuðningur í þessu ferli,“ segir Karen.

„Þegar rafmagnið var komið þá ætlaði ég alltaf að gefa ísskápin minn í þetta verkefni en ég sá á Facebook að Guðlaug Margrét var að gefa miklu stærri og flottari ísskáp svo ég hafði samband við hana og hún var meira en til í að koma ísskápnunum í góðar hendur og í svona gott málefni þannig að við fengum hann. Svo fengum við skjalaskáp sem við notum fyrir þurrvöru, eða mat sem þarf ekki að vera í kæli, við fengum hann gefins frá konu í Kópavogi. Það þurfti að koma honum á Selfoss því hann er svolítið flykki. Ég hafði þá samband við Keyrsla.is og þeir kipptu honum með og komu honum á Selfoss, bara ekkert mál!“

Frábær samvinna

Karen hafði samband við Þórdísi rétt fyrir jól, í kringum 20. desember. „Þau opnuðu ísskápin í Vesturbænum í desember, ég var búin að sjá endalaust af fólki á samfélagsmiðlum sem var að óska eftir mataraðstoð fyrir jólin þannig að ég hefði bara viljað gera þetta strax á einum degi, korter í jól, en þetta tekur vísit aðeins lengri tíma. Þannig að hugmyndin kemst af stað í lok desember og er orðin að fúnkerandi starfsemi núna, 3 mánuðum seinna. Þetta er svo frábær samvinna, boltinn rúll-

aði bara og það var ekkert sem stoppaði neins staðar. Rétt fyrir opnun hafði ég samband við Almar bakarí og spurði hvort þau vildu vera í smá samstarfi með okkur, gefa afganga sem seljast ekki og þau tóku mjög vel í það, gáfu okkur helling af brauði og bakkelsi. Sömu leiðis ætla GK Bakarí að leggja verkefninu lið og gefa matvæli sem verða afgangur hjá þeim og við erum ótrúlega þakklátar fyrir þessar góðu móttökur hjá þessum flotta bakaríum sem við eigum hér á Selfossi. Lauren og vinir hennar ætla svo að sjá um að frískápurinn verði þrífinn reglulega og að allt sé eins og það eigi að vera.“

Skora á fyrirtæki að koma matvælum í frískápin

„Við hvetjum öll til að taka þátt í að minnka matarsóun og hjálpa öðrum í leiðinni og viljum endilega skora á fyrirtæki að koma matvælum í skápin, þetta er samfélagsverkefni sem á ekki að vera á 1-2 aðilum. Ef við leggjumst öll á eitt þá er það öllum í hag. Við viljum hvetja bæði einstaklinga og fyrirtæki til að vera dugleg að nýta sér frískápin og Facebook-hópin, til að taka myndir og láta vita þegar þau hafa sett eitthvað í skápin og fá um leið auglýsingu og gott karma. Öllum er frjálst að setja í og taka úr skápnunum hvern sem þeim hentar og nýta þar með matvæli sem annars yrði hent. Við erum búin að fá þvilíkar viðtökur, strax á fyrstu klukkutímunum var fólk búið að koma með eitthvað í skápin og fólk líka búið að koma og ná sér í. Við erum ótrúlega þakklát öllum þeim sem komu að þessu verkefni og létu það verða að veruleika! Takk!“ segir Karen að lokum. HGL



Ánægðust þegar bókastafllinn er stór og spennandi

segir lestrarhesturinn Móeiður Ágústsdóttir

Móeiður Ágústsdóttir er fædd á Löngumýri á Skeiðum. Hún flutti á Stokks-eyri árið 1970 og hefur búið þar síðan. Hún hefur unnið ýmis störf, við fiskvinnslu, þjónustu við aldraða og síðast á leikskóla. Nú er hún sest í helgan stein með bækur og þrjóna. Móeiður er gift Eggert S. Guðlaugssyni og eiga þau fjögur börn, þar af þrjú á lífi og helling af barnabörnum og barnabarnabörnum.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er oftast með eina eða tvær í takinu. Núna er ég að lesa bókina Kaffi og rán eftir Chatarina Ingelman-Sundberg sem er svona léttmeti um gamalt fólk sem beitir öllum brögðum til að komast í fangelsi af því það heldur að það hefði það betra þar en á elliheimilinu. Ég tók hana á bókasafninu til að rifja upp gömul kynni, geri það gjarnan. Ég er líka að lesa bækur eftir Elínborgu Lárusdóttur en þær eru vinir mínir og eru lesnar reglulega. Núna þessa dagana hlusta ég líka á passíusálmana bæði í útvarpinu og á Storytel.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Alls konar bækur höfðu til mín. Ég les að vísu lítið af glæpasögum og alls ekki bækur þar sem farið er illa með börn. Viðurkenni veikleika fyrir ástar-sögum. Sögulegar skáldsögur eru líka eitthvað sem ég nýt þess að lesa. Þar má nefna Reisu-bók Guðríðar Simonardóttur og fleiri. Við hjónin eigum dágott bókasafn þar sem kennir ýmissa grasa allt frá Ísfolkinu og að Stokkseyringasögu.

Varstu alin upp við lestur?

Já, ég var snemma læs og las allt sem ég komst yfir. Foreldrar mínir og systkinu áttu bækur og ég las og las. Ég man svo sem ekki eftir einni uppáhalds-bók fremur en annarri. Reyndar eignaðist ég óvænt bók eftir Enid Blyton, *Dularfulla háls-menið sem hvarf*. Hún varð uppáhalds aðallega vegna gef-andans. Kær minning úr æsku er að koma inn til afa og ömmu og heyra afa lesa fyrir ömmu fram-haldssögu í Tímanum.

Segðu frá lestrarvenjum þínum.

Ég les mikið. Les þó helst á kvöldin núna seinni árin. Áður las ég hvenær sem færi gafst en þrjónarnir hafa aðeins tekið yfir tímann og þá hlusta ég gjarnan á Storytel. En mér finnst betra að lesa bækurnar því það er

eitthvað við það að hafa bók í hönd. Talsvert löngu fyrir jól er ég búin að ákveða hvað ég ætla til jólalesturs og víða að mér lesefni úr ýmsum áttum, jafnvel marglesnar bækur og kunnugar. Ég sækist ekkert endilega eftir nýjustu bókunum.

Áttu þér uppáhaldshöfund?

Ég hef frá blautu barnsbeini haldið upp á Guðrúnu frá Lundi og sögur hennar, sennilega vegna þess að ég ólst upp við þær bækur. Einnig hefur Jón Trausti komið sterkur inn og er *Halla og heiðarbylíð* uppáhalds sagan mín eftir hann.

Það verk er hollt að lesa öðru hverju svo og skáld- verk Elínborgar Lárusdóttur. Ég er frekar gömul sál. Erlendir höfundar eru líka margir góðir og finnst mér stundum þýðendur fara sér aðeins of hægt. Það er reyndar kostur við það að eldast að minnið verður gloppóttara og þá er hægt að lesa sömu bæk-urnar með styttra millibili.

Hefur bók einhvern tíma rænt þig svefni?

Ó já, margar. Oft las ég yfirleitt eins lengi og ég mögulega gat. Stundum langt fram á nótt. En það hefur aðeins breyst með árunum. Ég er mjög hraðlæs



og hefur stundum verið dregið í efa að ég lesi hverja blaðsíðu. Ánægðust er ég þegar bóka-stafllinn á náttborðinu er stór og spennandi.

En að lokum Móeiður, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rit-höfundur?

Klárlega ljóða- og barnabækur. Ég hef ort talsvert af ljóðum sem gaman væri að gefa út einn góðan veðurdag. Reyndar komu nokkur ljóð eftir mig út í ljóða-bók sem heitir Vængjatök - ljóð sunnlenskra kvenna. Skrifaði líka nokkrar barnasögur á árum áður. Mér finnst mjög mikilvægt að lesið sé fyrir og með börnum og gefum við afkomendum okkar gjarnan bækur við tækifæri.

Umsjón með *Lestrarhesti* hefur Jón Ózur Snorrason – jonozur@gmail.com.



Vitleysingarnir halda áfram!

Eftir góðar undirtektir og vegna mikillar eftir-spurnar ætlum við Vitleysingarnir að halda áfram.

Leikdeild UMFG sýnir Vitleysingana eftir Ólaf Hauk Símonarson í leikstjórn Ólafs Jens Sigurðssonar í Árnesi. Ekki láta þetta bráðfýndna, fjöruga og dramatíska verk framhjá ykkur fara!

Það verða fimm sýningar í viðbót:

6. sýning sunnudaginn 19. mars kl. 14:00

7. sýning sunnudaginn 19. mars kl. 20:00

8. sýning föstudaginn 24. mars kl. 20:00

9. sýning sunnudaginn 26. mars kl. 20:00

LOKASÝNING föstudaginn 31. mars kl. 20:00

Miðaverð er 3.000 kr.

Borgað við komu. Posi á staðnum.

Barinn opin fyrir sýningu og í hléi.

Miðapantanir í síma 869 1118 eða á gylfi1sig@gmail.com.

ATH!
Dagsýning



MÍMIR NEMENDAFÉLAG
MENNTASKÓLANS AÐ LAUGARVATNI

SÆLIR SUNNLENDINGAR!

Seinustu tvær vikur eru búnar að vera pakkfullar af frábærum viðburðum hjá okkur. Fyrst og fremst ber að nefna leikritið sem við vorum að setja upp og sýndum í seinustu viku. Allir stóðu sig frábærlega og öll þessi vinna virkilega gaf af sér, við erum stolt af leiklistar fólkinu okkar! Í þessari viku fékk hver árgangur sitt eigið bekkjarkvöld, það var svo sannarlega huggulegheit hjá okkur og eldaði Sveinn kokkurinn okkar dásamlegan mat fyrir hvern árgang. Vikan framundan er líka stútfull af allskonar skemmtilegu. Árlega höldum við Dagamuni og Dollan þar sem kennslu er skipt fyrir allskonar námskeið, á seinasta deginum er síðan árshátíðin okkar. Ég er ekkert eðlilega spennt fyrir því að segja ykkur frá hvernig næstu vikur verða hjá okkur krökkunum, en þar til næst.



Umsjón: Katrín Ölvers & Hrafninn Jóns

Aðalfundur Myndlistarfélags Árnassýslu

verður haldinn í vinnustofu félagsins við Bankaveg á Selfossi fimmtudaginn 30. mars 2023 kl. 19.

Venjubundin aðalfundarstörf.

Veitingar í boði félagsins.

Stjórnin



**STJÓRNENDAFÉLAG
SUÐURLANDS**

AÐALFUNDUR

**Stjórnendafélag Suðurlands heldur aðalfund á
Hótel Selfossi mánudaginn 20. mars nk. kl. 19.**

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Lagabreytingar
- Sameining félaga
- Linda Björk Hilmarisdóttir PCC Markþjálf / PCC Coach - Erindi : Sá sem stefnir ekkert, fer þangað.
- Fulltrúi frá Sambandi stjórnendafélaga mætir á fundinn

Matur í boði félagsins í upphafi fundar.

Stjórnin

Austurvegi 56 • 800 Selfoss • Sími 480 5000
stjornandi@stjornandi.is • www.stjornandi.is

**Tjaldsvæði Reykholti**

Bláskógabyggð auglýsir til leigu tjaldsvæði í Reykholti. Rekstraraðili skal sjá um rekstur svæðisins og mannvirkja sem þar eru. Leigutaki hefur allar tekjur af rekstri svæðisins, sem og allan kostnað og greiðir fast leiguverð til Bláskógabyggðar.

Árlegur opnunartími tjaldsvæðisins er að öllu jöfnu frá 1. maí til 30. september. Nýr rekstraraðili tekur við svæðinu fyrir opnun þess í ár. Leigusamningur verður gerður til fimm ára.

Boðið verður upp á skoðun á svæðinu mánudaginn 20. mars 2023 kl. 13. Áhugasamir geta nálgast leiguskiðmála og hæfiskröfur með því að senda tölvupóst á netfangið blaskogabyggd@blaskogabyggd.is.

Umsóknum skal skilað á skrifstofu Bláskógabyggðar, Aratungu, Reykholti, eða með tölvupósti á netfangið blaskogabyggd@blaskogabyggd.is. Umsóknarfrestur er til og með fimmtudagsins 30. mars nk.

Nánari upplýsingar veitir Kristófer A. Tómasson, sviðstjóri framkvæmda- og veitusviðs í síma 480 3000.

Flexí-hælasokkar

Það er oft gaman að prófa eitthvað nýtt eða að gera eitthvað öðruvísi en við erum vön. Uppskrifin okkar í dag er að sokkum með óvenjulegum hæl sem oft er kallaður flexí-hæll. Það er auðvelt að prjóna hælinn, hann leggst vel að fætinum og er fallegur að sjá.

Garnið er skemmtileg blanda af bómull, ull og polyacryl til styrkingar og ein dokka nægir í parið. Þessa sokka er einkar þægilegt að prjóna með Crazy trio prjónunum, þá eru hællykkjur allar á einum prjóni og ristarlykkjur á öðrum.

Efni

1 dk Creative Cotton Flecky Fleece, prjónar nr. 3,5 Crazy trio eða sokkaprjónar, 2 prjónamerki.

Uppskrift

Fitjið laust upp 44 - 48 - 52 l og prjónið stroff, 1 sl, 1 br alls 36 - 38 - 40 umf. Prjónið nú slétt, alls 30 umf. Þá er byrjað að auka út fyrir hælnum. Setjið merki þar sem umferðin byrjar.

Það er aukið út í annarri hverri umferð þannig: prjónið þar til 1 l er að merkinu, lyftið upp bandinu á milli lykkjanna og krossið það til hægri, prjónið slétt í bandið, prjónið 2 l sl (eina eftir merkið) lyftið bandinu og krossið til vinstri, prjónið slétt í bandið. Næsta umferð er prjónuð án útaukningar. Þannig fjölgar um 2 l í annarri hverri umferð. Aukið út þar til þið eruð með alls 66 - 72 - 78 l.

Þá er farið að móta hælinn. Hann er prjónaður fram og til baka yfir 32 - 34 - 36 l (16 - 17 - 18 l hvoru megin við prjónamerkið). Geymið ristarlykkjurnar á sér prjóni/prjónum á meðan.

Prjónið 24 - 25 - 26 l sl, takið næstu l lausa af og steypið henni yfir næstu l sem prjónuð er sl,

Snúið við, takið fyrstu l óprjónaða, prjónið næstu 8 l br, prjónið næstu 2 l br saman. Snúið við, takið fyrstu l óprjónaða, prjónið 8 l sl, takið næstu l lausa af og steypið henni yfir næstu l sem prjónuð er sl.

Endurtakið þessar 2 umferðir þar til einungis 10 l eru á prjóninum.

Þá er prjónað áfram sl í hring (ristarlykkjurnar eru nú prjónaðar með) 44 - 48 - 52 l á prjónum. Hér er gott að skipta lykkjunum þannig að helmingur sé á ristarprið og helmingur á sóla. Athugið að skipta þeim þannig að byrjun umferðar er á miðjum sóla. Prjónið 33 - 36 - 39 umferðir og þá hefst úrtaka fyrir tá.

Prjónið 8 - 9 - 10 l sl 2 l saman 1 sl (hér er gott að setja prjónamerki), 1 sl, takið næstu l óprjónaða, prjónið næstu l og steypið þeirri óprjónuðu yfir, prjónið 16 - 18 - 20 l sl, 2 l saman, 1 sl, (hér er gott að setja prjónamerki), 1 sl takið næstu l óprjónaða, prjónið næstu l og steypið þeirri óprjónuðu yfir, prjónið 8 - 9 - 10 l sl. Prjónið næstu umferð slétta.

Prjónið 7 - 8 - 9 l sl 2 l saman, 1 l sl, takið næstu l óprjónaða og steypið yfir næstu l, prjónið 14 - 16 - 18 l sl, 2 l saman, 1 sl, takið næstu l óprjónaða og steypið yfir næstu l, prjónið 7 - 8 - 9 l sl. Prjónið næstu umferð slétta.

Þannig fækkar um 4 lykkjur í hverri úrtökuumferð. Þegar 12 - 12 - 12 l eru eftir á prjónunum eru 2 og 2 l prjónaðar saman út umferðina (6 l eftir á prjónunum). Klippið garnið frá og dragið það í gegnum lykkjurnar sem eftir eru.

Prjónið annan sokk eins. Gangið vel frá endum. Skolið úr mildu sápuvatni og leggið til þerris.

Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314

**Tæknitröll, íseldfjöll og Greppikló á Bókasafninu á Selfossi**

Eins og margir hafa sannreynt eru laugardagsmorgnarnar á Bókasafninu sérlega líflægir. Síðasta laugardag var bókin Tæknitröll og íseldfjöll, eftir sendiherra Breta á Íslandi, Dr. Bryony Mathew í aðalhlutverki. Af því tilefni komu góðir sendiráðsgestir í heimsókn.

Næsta laugardag, 18. mars, verður Greppiklóarmorgunn. Tilefnið er endurútgáfa hinnar sívinsælu bókar um Greppikló sem Þórarinn Eldjárn þýddi svo snilldarlega og hefur verið ófánleg í mörg ár. Leikfélag Selfoss sér um upplestur úr bókinni kl. 13.00 og í framhaldinu verður farið í Greppiklóar ratleik og sannir aðdáendur Greppiklóar fá barmmerki frá aðdáendaklúbbi Greppiklóar.

Bókasafn Árborgar



Hljóðnemann heim

Það er óhætt að segja að hjartslátturinn hafi komist í hæstu hæðir sl. föstudagskvöld þegar FSu, minn gamli skóli, sigraði Verkmenntaskóla Austurlands í undanúrslitum Gettu betur með 31 stigi gegn 26.

Þetta er í fyrsta sinn síðan árið 1986 sem FSu kemst í úrslit Gettu betur en skólinn er fyrsti sigurvegari keppinnar og hafði þá betur gegn Flensborgarskól-anum. FSu komst í undanúrslit keppinnar árið 2019 en mætir nú í úrslitum næstkomandi föstudagskvöld Menntaskól-anum í Reykjavík. Úrslitaviður-eignin fer fram í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ þann 17. mars nk. og hvet ég ykkur öll til að mæta.

Í þrjátíu og sjö ár hefur Gettu betur verið rótgróinn hluti af sjónvarpsáhorfi landsmanna, þáttur sem sameinar kynslóðir á föstudagskvöldi, eitthvað sem erfitt er að ná á þessum síðustu og verstu. Þátturinn Gettu betur snýst líka um svo miklu meira en bara keppnina sjálfa því í þáttunum fá framhaldsskólar landsins tækifæri til að kynna sig og sína sérstöðu. Í gegnum árin hafa einnig hæfileikaríkir nemendur skólanna, söngvarar, dansarar og leikarar, stigið á stökk og látið ljós sitt skína. Skemmtiatriði FSu hafa ekki verið af verri endanum þetta árið

frekar en keppendurnir en frum-samið tónlistaratriði *Við erum FSu* flutt af sigurvegara söngva-keppni framhaldsskólanna árið 2022, Emilíu Hugrúnu og Sig-ríði Fjólu, var glæsilegt og söng-ur Elísabetar Björgvinsdóttur í undanúrslitunum var einstakur. Gettu betur er því frábær vett-vangur fyrir þessa hæfileikaríku nemendur til að troða upp fyrir skólann sinn í sjónvarpi allra landsmanna.

Eftir stórkostlega frammi-stöðu og æsispennandi undan-úrslitakeppni er liðið nú eins og áður sagði komið í úrslit Gettu betur en liðið skipa þau Elín Karlsdóttir frá Eyrarbakka, Ás-rún Aldís Hreinsdóttir frá Sel-fossi og Heimir Árni Erlends-son frá Skiðbakka III í Austur-Landeyjum en þjálfari þeirra er Stefán Hannesson ættaður úr Ölfusinu.

Innilega til hamingju með glæsilega frammistöðu, gangi ykkur sem allra best á föstu-dagskvöld og umfram allt haldið áfram að vera þið sjálf og hafa gaman. Það veit sá sem allt veit að ég mun sitja límd við skjáinn ásamt öðrum fjölskyldumeð-limum og veit að það munu fleiri fyrrum nemendur FSu gera einnig.

Fjóla St. Kristinsdóttir
Bæjarstjóri Árborgar



AÐALFUNDUR BJÖRGUNARFÉLAGS ÁRBORGAR

27. MARS KL. 19:00

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar og reikningar
2. Skýrslur stjórnenda
3. Lagabreytingar
4. Kosningar
5. Önnur mál

BJÖRGUNARMISTÖÐINNI Á SELFOSSI

ÚTBOÐ

Selfossveitur bs óskar eftir tilboðum í verkið:

„Nýr miðlunargeymir fyrir Selfossveitur“

Reisa skal rúmlega 4.500 m³ hitaveitugeymi að Austurvegi 67 á Selfossi. Geymirinn verður reistur norðan við núverandi heitavatnsgeymi. Verkið felst í reisingu og klæðningu stálgeymis. Stálgeymirinn skal reisa á staðsteyptri undirstöðu og undir hluta hans er staðsteypt tengihús. Geymirinn er úr stáli með miðsúlu og þakburðarbitum. Stálplötur í þaki eru soðnar neðan á þakbita. Stálgeymi skal mála að utan en sementskústa að innan. Geyminn skal einangra með steinull og klæða að utan með álklaðningu. Pípulagnir í tengihúsum skal einangra með steinull og klæða með álklaðningu.

Helstu magntölur:

Stálplötur.....	130 tonn
Stálbitar.....	29 tonn
Steinullareinangrun.....	2760 m²
Álklaðning bols.....	750 m²
Álklaðning á þaki.....	600 m²
Pípulögn í tengihúsi – DN 80 – DN 500.....	76 m

Verkinu skal að fullu lokið 15. júlí 2024.

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef sem er aðgengilegur hér:
<https://arborg.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/aa5bde60-e3c9-4c18-88d2-a9b490a18512>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skráum sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 11:00 föstudaginn 31. mars 2023.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opunarfund en í kjölfar opunar tilboða verður bjóðendum sent opunaryfirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar

Fjölgunin í Ölfusi og sameining þess

Árið 1946 varð til nýtt sveitarfélag í Ölfusi, Hveragerðishreppur, en þá klauf þéttbýlið í Hveragerði sig úr Ölfushreppi. Íbúum í Hveragerði hafði þá um nokkra hrið þótt lítið tillit tekið til þarfa í hinu nýja þorpi og þótti hag sínum betur borgið í sérstöku sveitarfélagi. Þetta var gert víðar á landinu á sama tíma, að þéttbýliskjarnar voru klofnir

frá sveitahreppum. Þannig var árið 1946 Selfosshreppur stofnaður úr Sandvíkurhreppi og Hafnarhreppur stofnaður úr Nesjahreppi. Margt hefur breyst frá árinu 1946 og verkefni sveitarfélaga orðið umfangsmeiri og flóknari og stærð sveitarfélaga skiptir nú höfuðmáli til að þau hafi bolmagn til að sinna sínum verkefnum. Vegna þessa hafa

t.d. bæði Selfosshreppur og Hafnarhreppur orðið að stærri einingum með sameiningum sveitarfélaga. Sveitarfélagið Árborg varð til með sameiningu Selfossbæjar (áður Selfosshreppur) og þriggja annarra sveitarfélaga árið 1998 og sama ár varð Sveitarfélagið Hornafjörður til með sameiningu Hafnar (áður Hafnarhreppur)

og þriggja annarra sveitarfélaga. Ekki er sömu sögu að segja í Ölfusi þar sem enn eru tvö sveitarfélög, þ.e. Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus eins og þau heita í dag.

Fjölgunin í Ölfusi

A vef Hagstofu Íslands má nálgast upplýsingar um fjölgun í Ölfusi eftir þeim þremur póstinúmerum sem þar eru, þ.e. 810 Hveragerði sem nær yfir Hveragerðisbæ, 815 Þorlákshöfn sem nær yfir þéttbýlið þar og 816 Ölfus sem nær yfir Ölfussveit. Þann 1. janúar 2023 bjuggu samtals 5.769 íbúar í Ölfusi, þ.e. 3.189 í Hveragerðisbæ (55% íbúa), 1.949 í Þorlákshöfn (34% íbúa) og 631 í Ölfussveit (11% íbúa). Íbúapróunin hefur þó verið mjög mismunandi eftir þessum svæðum í Ölfusi. Frá árinu 2011 hefur fjölgunin í Ölfusi orðið mest í dreifbýlinu í Ölfussveit eða 65%, næstmest í Hveragerði 38% og minnst í Þorlákshöfn 27%. Það er líka athyglisvert að skoða þróunina á síðustu tveimur árum, árin 2021 og 2022. Þá fjölgaði íbúum minnst í Þorlákshöfn eða um 5,5%, um 15% í Hveragerði og 20% í Ölfussveit en fjölgunin í Hveragerði og Ölfussveit er langt umfram landsmeðaltal.

Áhrif á störf sveitarstjórna

Í þessu samhengi er vert að hafa í huga að á nokkrum stöðum í dreifbýlinu í Ölfusi hafa orðið til nokkrir byggðakjarnar sem stækka með hverju árinu, t.d. við Velli (Bláengi), Saurbæ og í Klettagljúfri. Þessir íbúar og aðrir íbúar Ölfussveitar sækja þjónustu að stórum hluta í hitt sveitarfélagið í Ölfusi, til Hveragerðisbæjar. Þessi þjónusta er t.d. grunnskóli og leikskóli en Sveitarfélagið Ölfus á hluta í skólum Hveragerðisbæjar og tekur þátt í fjárhagslegum rekstri þeirra. Þá sækja Ölfusingar til Hveragerðis til að stunda íþróttir og tómstundir, sækja þar verslun og ýmsa afþreyingu.

Ein helstu rökin fyrir tilvist sveitarfélaga er að stuðla að aukinni þátttöku íbúa í málafnum samfélagsins og að þeir hafi áhrif á stjórn sveitarfélaga og þá þjónustu sem þau veita. Þegar íbúar sækja mikilvæga opinbera þjónustu í annað sveitarfélag hafa þeir í raun lítil áhrif á hvernig sú þjónusta er unnin þar sem þeir velja ekki þá sveitarstjórn sem stýrir málaflokknum. Í því fellst lýðræðishalli, að notendur þjónustunnar geti ekki haft áhrif á hvernig og hvaða þjónusta er boðið upp á í þeirra samfélagi. Í raun má segja að það sé staðan með íbúa Ölfussveitar sem nýta opinbera þjónustu sem er stýrt af Hveragerðisbæ, t.d. skólaþjónustu. Rétt er að geta þess að fulltrúar Sveitarfélagsins Ölfuss eiga fulltrúa í fræðslunefnd Hveragerðisbæjar sem fer með málefni skólanna,

Njörður
Sigurðsson

Bæjarfulltrúi í
Hveragerði



en allt ákvörðunarvald um rekstur skólanna liggur þó hjá bæjarstjórn Hveragerðisbæjar sem kosin er af íbúum Hveragerðis, en ekki Ölfussveitar.

Sameining Ölfuss að nýju

Fyrir sveitarfélagið Hveragerðisbæ skiptir líka mjög miklu máli að geta haft áhrif á hvernig þróun byggðar er í og við sveitarfélagið þar sem íbúafjölgun þar hefur bein áhrif á þjónustuna sem það veitir til samfélagsins. Árin 2021 og 2022 fjölgaði íbúum í Hveragerðisbæ um rúmlega 400 og hefur það reynt mjög á innviði sveitarfélagsins og uppbyggingu þeirra. Þá hefur fjölgun í Ölfussveit um rúmlega 100 manns á sama tíma eðlilega haft áhrif á þanþol skólakerfisins í Hveragerði svo eitthvað sé nefnt.

Í raun er Ölfuss allt eitt samfélag, þó að því sé nú skipt í tvö sveitarfélög með þeim annmörkum sem á undan eru raktir. Það er mikilvægt að íbúar hafi áhrif á þá þjónustu sem sveitarfélög veita í sínu nærsamfélagi og að sveitarfélögin séu einingar sem veiti þjónustu til íbúa sem þar búa. Leiðin til að laga þetta í Ölfusi er að sameina Ölfusið á ný í eitt sveitarfélag. Með því yrði til tæplega 6.000 íbúa sveitarfélag eins og staðan er núna, með tveimur sterkum þéttbýliskjörnum í Þorlákshöfn og Hveragerði sem hvor hefur sín einkenni og styrkleika. Dreifbýlið í Ölfussveit er svo vandandi íbúasvæði sem þarf að skipuleggja í samhengi við stækkun innviða í næsta þéttbýli, Hveragerði.

Með sameiningu Ölfuss í eitt sveitarfélag yrði til stærri og sterkari stjórnsýslueining sem hefði meira bolmagn til að fást við verkefni sveitarfélagsins, verkefni sem bæði sveitarfélög þurfa nú að hafa samstarf um við önnur til að þeim sé sæmlega sinnt. Vönduð umræða um meginmarkmið faglegra ákvarðana varðandi framtíðarskipan sveitarfélaganna er kjarni allrar þeirrar fagmennsku sem þarf við svona sameiningu (eða leiðréttingu á þeim ákvörðunum sem teknar voru 1946). Þegar við öxlum þá ábyrgð, að ígrunda hvert sé hlutverk sveitarfélaga þar er að mörgu að hyggja. Eitt sveitarfélag í Ölfusi styrkir lýðræðið og bætir þjónstuna til allra íbúa.

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Skíðbakki 2– Deiliskipulagstillaga

Deiliskipulagið nær til um 1,85 ha landspildu úr landi Skíðbakka 2 L163894. Gert er ráð fyrir 3 lóðum. Á hverri lóð verður heimilt að byggja íbúðarhús allt að 250 m², gestahús allt að 50 m² og bílskúr/skemmu allt að 200 m².

Ofangreinda deiliskipulagstillögu er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 15. mars. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögunar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 26. apríl nk. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar sameiginlega skipulagslýsingar að annars vegar gerð deiliskipulags og hins vegar breytingar á aðalskipulagi Rangárþings eystra.

Brúnir 1 – Aðalskipulagsbreyting ásamt deiliskipulagi

Um er að ræða breytingu á skilmálum á verslunar- og þjónustusvæðinu (VP 17) á lóðinni Brúnir 1. Heildarbyggingarmagn eykst úr 340 m² í 700 m².

Dílaflöt – Aðalskipulagsbreyting ásamt deiliskipulagi

Um er að ræða breytingu á landnotkun á ca 15 ha af landbúnaðarlandi (L) í verslun- og þjónustu (VP). Fyrirhugað er að byggja upp lítil gestahús til útleigu til ferðamanna.

Eystra-Seljaland F7 – Aðalskipulagsbreyting ásamt deiliskipulagi

Um er að ræða breytingu á landnotkun á ca 25 ha úr landbúnaðarlandi (L) í verslun- og þjónustu (VP). Gert er ráð fyrir hótél- og veitingaþjónustu ásamt uppbyggingu íbúðarhúsnæðis fyrir starfsfólk.

Stóra-Mörk 1, 3 og 3B – Aðalskipulagsbreyting ásamt deiliskipulagi

Um er að ræða breytingu á landnotkun á ca 23 ha svæði úr landi Stóru-Merkur 1 úr landbúnaðarlandi (L) í afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF), á ca 27 ha svæði úr landi Stóru-Merkur 3 úr landbúnaðarlandi (L) í skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) og á ca 3,4 ha svæði úr landi Stóru-Merkur 3B úr landbúnaðarlandi (L) í verslun- og þjónustu (VP).

Syðsta-Mörk – Aðalskipulagsbreyting ásamt deiliskipulagi

Um er að ræða breytingu á landnotkun á rúmlega 52,7 ha af landbúnaðarlandi (L) í íbúðabyggð (ÍB). Gert verður ráð fyrir 18 lóðum fyrir íbúðarhús.

Ofangreindar skipulagslýsingar verða kynntar fyrir almenningi með opnu húsi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli, mánudaginn 20. mars nk. frá kl. 10:00 – 12:00. Einnig verða tillögunar aðgengilegar á heimasíðu Rangárþings eystra www.hvolsvollur.is. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við skipulagslýsingarnar og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 30. mars nk.

F.h. Rangárþings eystra,
Guðmundur Úlfar Gíslason,
Skipulags- og byggingarfulltrúi

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar eftirfarandi tillögur deiliskipulagsáætlana og breytingar á aðalskipulagi:

1. Brjónsstaðir lóð 4 L213014; Hádegishóll; Þjónustuhús auk þyrpingu gisti-húsa; Deiliskipulag - 2301017

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar 2023 að kynna tillögu nýs deiliskipulags á lóð Brjónsstaða lóð 4, L213014. Í deiliskipulaginu felst heimild til að byggja þyrpingu lítilla gistihúsa auk þjónustuhúsa og húsnæðis fyrir starfsfólk með fasta búsetu ef á þarf að halda. Nýtingarhlutfall lóðar geti orðið allt að 0.1. Lýsing vegna aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breyttrar landnotkunar innan svæðisins er í kynningu.

2. Skálabrekka-Eystri L224848; Grjótnes- og Hellunesgata, landbúnaðar-lóðir; Deiliskipulag - 2210051

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. mars 2023 að kynna tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til landbúnaðarlóða í landi Skálabrekku-Eystri. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 17 landbúnaðarlóðum á um 75 ha svæði. Stærðir lóða eru frá 30.488 fm til 45.733 fm. Innan lóða er gert ráð fyrir heimild til að reisa eitt íbúðarhús ásamt aukahúsi á lóð innan nýtingarhlutfalls 0,03.

3. Hnaus 2; Mosató 3 L225233; Stækkun hótels; Aðalskipulagsbreyting - 2207020

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. mars 2023 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til aukins umfangs og heimilda fyrir uppbyggingu á verslunar- og þjónustutengdri starfsemi á lóð Mosató 3 L225233. Gerð verður breyting á töflu í kafla 2.4.1 um verslun og þjónustu. Gerð verður grein fyrir auknu umfangi hótels með gistiplássi fyrir allt að 60 manns. Í breytingunni felst aukið byggingarmagn á lóð hótelsins, heimilt er að byggja hæð ofan á hótelið þannig að byggingin verði 2 hæðir, án kjallara. Heildarbyggingarmagn innan lóðar eykst úr 2.000 m² í allt að 3.000 m² og hámarksfjöldi herbergja eykst úr 20 herbergjum í 27 herbergi.

Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsbreytinga og nýrra deiliskipulagsáætlana:

4. Hald á Holtamannafrétti; Fjallasel; Deiliskipulag - 2211044

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. desember 2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Halda á Holtamannafrétti. Með deiliskipulaginu er staðfest núverandi landnotkun svæðisins, auk þess sem gert er ráð fyrir byggingu tveggja nýrra skála. Annar er ætlaður fyrir gistingu og hinn getur verið skemma/hesthús. Gisting getur verið fyrir allt að 40 gesti. Skipulagssvæðið er um 3,9 ha

5. Versalir á Holtamannafrétti; Fjallasel; Deiliskipulag - 2211042

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. desember 2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Versala á Holtamannafrétti. Með deiliskipulaginu er staðfest núverandi landnotkun svæðisins. Í Versölum eru þrír skálar, tveir gistiskálar og hesthús með hestagerði. Annar gistiskálinn og hesthúsið er í eigu Ásahrepps og Rangárbings ytra, hinn gistiskálinn er í einkaeigu. Gisting getur verið fyrir allt að 45 gesti. Skipulagssvæðið er um 5,6 ha.

6. Úthlíð 1 L167180; Frístundabyggð svæði 5a; Deiliskipulag - 2302034

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. mars 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til hluta frístundabyggðar í landi Úthlíðar 1 L167180. Innan svæðisins sem deiliskipulagið tekur til eru lóðir við göturnar Djáknahlíð, Djáknavveg, Djáknabrunir, Mosabrunir og Mosaskyggni. Á svæðinu er deiliskipulag í gildi, við gildistöku þessa skipulags fellur úr gildi sá hluti sem tekur við framlagðs deiliskipulags innan núgildandi deiliskipulags.

7. Bjarnastaðir 1; Tjarnholtsmýri 1-15; Landbúnaðarsvæði; Skilgreining lóðarmarka, byggingarreita og byggingarheimilda; Deiliskipulag - 2301077

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 15.

febrúar 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lóða við Tjarnholtsmýri 1-15. Í deiliskipulaginu felst skilgreining lóðarmarka, byggingarreita og byggingarheimilda. Heimilt verður að byggja íbúðarhús með bílageymslu/geymslu og aðstöðuhús/hesthús. Nýtingarhlutfall lóða má vera allt að 0,05.

8. Sjónarhóll L198871; Nýr byggingarreitur og skilmálar; Eldri viðbætur; Deiliskipulagsbreyting - 2301071

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar vegna bæjartorfu Sjónarhóls L198871 í Ásahreppi. Í breytingunni felst að skilgreindur er nýr byggingarreitur B3 innan marka deiliskipulagsins. Innan reitsins er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarbygginga tengdar starfsemi búsin.

9. Holtakot lóð L176853; Skilgreining lóðar og byggingarheimildir; Deiliskipulag - 2301081

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. mars 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til 5,8 ha lóðar Holtakots lóð L176853. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda innan svæðisins þar sem gert er ráð fyrir að heimilað byggingarmagn á svæðinu verði allt að 1000 m², hámarksnýtingarhlutfall er um 0,017. Leyfi er fyrir sex byggingum og hámarksstærð hvernar byggingar er 200 m². Heimilt er að byggja íbúðarhús ásamt mögulegu gestahúsi, gróðurhúsi, geymslu og frístundahúsi. Umrædd lóð er samkvæmt aðalskipulagi bæði innan frístundasvæðis og landbúnaðarsvæðis.

10. Vallarás (Ásmúli lóð 3) L192728; Skilgreining lóða og byggingarskilmálar; Deiliskipulag - 2301053

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lands Ásmúla lóð 3 L192728 í Ásahreppi. Samhliða er óskað eftir því að staðfangið Vallarás verði notað innan svæðisins. Í deiliskipulaginu felst heimild til að stofna 7 landspildur út úr Vallarási (Ásmúla lóð 3) og munu þær fá nafnið Vallarás 1-7, spildurnar eru um 6 ha hver. Heimilt er að hafa fasta búsetu á spildunum og stunda þar landbúnaðartengda starfsemi eða annan minniháttar atvinnurekstur ótengdan landbúnaði.

11. Hlíðarás (Berustaðir 2 land 1) L207089; Skilgreining lóða og byggingarheimildir; Deiliskipulag - 2301052

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til Hlíðarás (Berustaðir 2 - land 2) L207089. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir byggingarheimildum fyrir íbúðarhús auk véla- reið- og/eða tamningaskemmu allt að 800m², hámarkshæð er 6,5m. Hesthús eða gripahús má vera allt að 300m², hámarkshæð húss er 6m. Gestahús má vera allt að 80m², hámarkshæð húss er 5,5m.

12. Engjavatn L218342; Byggingarreitur og byggingarmagn; Deiliskipulag - 2302002

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. mars 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til landspildunnar Engjavatns L218342. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingarreit undir íbúðarhús ásamt bílageymslu og hesthúsi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.asahreppur.is www.blaskogabyggd.is, www.floahreppur.is, www.gogg.is og www.skeidgnup.is.

Mál 1-3 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 16. mars 2023 með athugasemdafrest til og með 6. apríl 2023.

Mál 4-12 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 16. mars 2023 með athugasemdafrest til og með 28. apríl 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

Vígfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU



Starfsfólk óskast í aukavinnu í sal

Fjöruborðið á Stokkseyri auglýsir eftir starfsfólk í aukavinnu í sal, aðeins 18 ára og eldri koma til greina. Vinsamlegast sendið póst á info@fjorubordid.is fyrir frekari upplýsingar.

Part-time waiter/waitress

Fjöruborðið restaurant in Stokkseyri is looking for part-time waiter/waitress 18 years or older, please contact info@fjorubordid.is for further information.

Byssusýning í Veiðisafninu á Stokkseyri

Byssusýning Veiðisafnsins á Stokkseyri sem í ár verður í samvinnu við verslunina Veiðihornið og Skotgrund – Skotfélag Snæfellsness, verður haldin laugardaginn 18. og sunnudaginn 19. mars 2023 frá kl. 11–18 í húsakynnum Veiðisafnsins, Eyrarbraut 49 á Stokkseyri.

Ólafur og félagar í Veiðihorninu sýna úrval skotvopna og búnað til skotveiða ásamt sjónaukum og aukabúnaði, til sýnis og sölu. Kynntir verða rifflar frá Remington, Howa og Benelli, haglabyssur frá Fair, Remington, Stoeger, Benelli og Franchi, einnig sjónaukar frá Leoupold, Crimson Trace og Nikko Stirling ásamt hljóðdeyfum frá Stalon, endurhleðsluvörum frá Barnes, Remington, Frankford, Alliant og fl.

Félagsmenn úr Skotgrund - Skotfélag Snæfellsness verða með fjölbreytt úrval skotvopna til sýnis ásamt kynningu á starfsemi skotfélagsins. Kennir þar margra grasa og verður úrval skotvopna til sýnis, haglabyssur,



rifflar, skammbyssur, herrifflar ásamt ýmsu tengdu skotveiðum m. a. úr einkasöfnum.

Einnig verða til sýnis skotvopn og munir frá Veiðisafninu og einkaaðilum, má þar nefna skotvopn frá Sigurði Ásgeirssyni, Einari frá Þverá, Sveini Einarssyni frv. veiðistjóra, Sigmarí B. Haukssyni, Braga frá Þverá, Drífu-haglabyssur frá Jóni Björnssyni heitnum frá

Dalvík og byssur smíðaðar af Jóni Þorsteinssyni frá Ólafsfirði svo eitthvað sé nefnt.

Allt áhugafólk um skotvopn og veiðar er velkomið.

Nánari upplýsingar um byssusýninguna má sjá á síðu Veiðisafnsins og á síðu Veiðihornsins.

Nánari upplýsingar má sjá á www.veidisafnid.is og www.veidihornid.is.

Vínbúðin Hveragerði óskar eftir verslunarstjóra

Við leitum að öflugum einstaklingi til að ganga til liðs við frábæran starfsmannahóp ÁTVR. Viðkomandi þarf að vera ábyrgðarfullur og hafa vilja og getu til að takast á við margvísleg verkefni.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Dagleg stjórnun, birgðahald og umhirða
- Eftirfylgni þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun

Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunar- og/eða verkstjórn
- Frumkvæði, metnaður og ábyrgð í starfi
- Gott viðmót og rík þjónustulund
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta, þekking á Navision er kostur

Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er til og með 22. mars nk.

Umsækjendur skulu hafa náð 20 ára aldri.

Allir áhugasamir eru hvattir til að sækja um á vinbudin.is

Nánari upplýsingar: Thelma Kristín Snorradóttir, starf@vinbudin.is – 560 7700.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna fyrirtækisins er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Við viljum að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur og vinnum markvisst að því að auka ánægju starfsfólks. Við leggjum áherslu á að starfsfólk fái tækifæri til að þroskast og læra nýja hluti. Þannig eflum við þekkingu og kraft fyrirtækisins.

Gildi ÁTVR eru LIPUÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.



JAFNLAUNAVOTTUN
2021 - 2024



Fjársjóður í ferðapjónustu á Suðurlandi

Þrír opnir fundir framundan hjá Markaðsstofu Suðurlands, Samtökum ferðapjónustunnar og Hæfnisetrinu.

Það má með sannni segja að starfsfólk ferðapjónustunnar séu fjársjóður. Hvernig aukum við hæfni þessa starfsfólks? Þessari spurningu ætla Markaðsstofa Suðurlands, Samtök ferðapjónustunnar ásamt Hæfnisetrinu að reyna að svara með þriggja funda röð á Suðurlandi undir heitinu „Aukin hæfi starfsfólks – fjársjóður í ferðapjónustu“.

Fyrsti fundurinn fór fram í Þórbergssætri í Suðursveit þann 15. mars. Í dag, þann 16. mars er svo komið að Vík þar sem fundurinn mun fara fram í Leikskálum á milli kl. 11-13. Loks er komið að Tryggvaskála á Selfossi þann 21. mars frá 11-14.

Fjöldmörg erindi verða á fundunum ásamt reynslusögum ferðapjónustuaðila frá svæðinu.

Aðgangur er ókeypis en nauðsynlegt er að skrá sig.

Skráning, dagskrá og nánari tímasetningar fundanna má finna á haefni.is/vidburdir.



Reynisdrangar. Mynd: South.is



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband í sími 482 1944
eða á auglysingar@dfs.is.

STEKKJASKÓLI

Laus störf



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Vilt þú taka þátt í því að byggja upp sterka liðsheid í nýjum grunnskóla á Selfossi?

Stekkjaskóli er nýr grunnskóli á Selfossi sem tók til starfa haustið 2021. Fljótlega verður 1. áfangi nýbyggingar skólans tekinn í notkun og 2. áfangi skólans verður tilbúinn haustið 2024. Á komandi hausti verða um 240 nemendur í 1.-6. bekk. Fullbyggður verður skólinn fyrir um 500 nemendur í 1.-10. bekk. Í Stekkjaskóla er lögð áhersla á teymiskennslu, teymisvinnu, tækni og nýsköpun, skapandi skólastarf, umhverfismál og jákvæðan aga.

Stefnumörkun skólans tekur meðal annars mið af menntastefnu Árborgar sem byggir á hugmyndinni um skólann sem lifandi lærdómssamfélag.

Hér með eru auglýstar fjölbreyttar og áhugaverðar stöður fyrir næsta skólaár. Við leitum að öflugum starfsfólki sem er tilbúið að taka þátt í skólaþróun og byggja upp farsælt skólastarf í nýjum grunnskóla.

- Deildarstjóri yngra stigs
- Náms- og starfsráðgjafi
- Þroskafjálfi
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Umsjónarkennarar á miðstig, 3 stöður
- Íþróttakennarar, 2 stöður
- Stuðningsfulltrúi

Umsóknarfrestur er til og með 26. mars 2023.

Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspeglí fjölbreytileika samfélagsins.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Hilmar Björgvinsson, skólastjóri, hilmarb@stekkjaskoli.is, sími 480 1600 / 863 0922 og Ástrós Rún Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri, astros@stekkjaskoli.is, sími 480 1600. Sjá einnig heimasíðu skólans www.stekkjaskoli.is.

Umsóknum fylgi leyfisbréf, yfirlit yfir nám, fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni í starfi. Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins <https://sveitarfelagid-arborg.alfred.is/>.

Allar umsóknir eru gildar í sex mánuði.

HEYYEEYY JÁ ÞÚ!!

HAVR ÆALTR ÞÚ AÐ VNNIA Í SURAM?!

ÖREVLK Í HVEEGARRÐI ÓAKSR EITFR STAÓFSFRLKI Í PIZEGUZRÐ, ÞJSUNÓTU VIÐ GITSE, UPSAVPK, ÞIRF OG VUJLIM VIÐ HRYEA Í ÞÉR SME ARLLA FTSRY.*

INNILEGA TIL HAMINGJU MEÐ ÞIG!

Fyrst þú gast lesið textann hérna fyrir ofan þá skilur þú greinilega og lest mjög vel tungumál ölvaðra einstaklinga og erum við heldur betur með rétta sumarstarfið fyrir þig á skemmtilegum vinnustað.

Ölverk er veitingastaður, brugghús og fljótandi upplifunarmiðstöð fyrir gesti á öllum aldri og vantar okkur fleira starfsfólk.

Ábyrgðarfullt fólk, 16 ára og eldri með hreint sakavottorð er hvatt til þess að okkur umsókn á olverk@olverk.is eða í skilaboðum á Facebook - [olverkbrugghus](https://www.facebook.com/olverkbrugghus).

Pssst... ekki verri ef umsækjendur elska skyndileg ævintýri, parkour, eldbakaðar pizzur, Polo & Pan, veiðar, gula ketti, að tala við áttavilta ferðamenn, lykt af lavender, skafmiða og síðustu klukkustundina fyrir sólsetur.



* Ölverk í Hveragerði óskar eftir starfsfólki í pizzagerð, þjónustu við gesti, uppvask, þrif og viljum við heyra í þér sem allra fyrst



Barna- og fjölskyldustofa

Vilt þú taka þátt í krefjandi og spennandi starfi með unglingum í sumar?

Barna- og fjölskyldustofa leitar að ráðgjöfum í sumarafleysingar á meðferðarheimilið Lækjarbakka. Um er að ræða þrjár 100% stöður í vaktavinnu. Lækjarbakki heyrir undir meðferðarsviði Barna- og fjölskyldustofu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Meðferðarvinna og dagleg samskipti við unglinga.
- Samskipti við foreldra og samstarfsaðila.
- Vinna að tómstundastarfi með unglingum.
- Einstaklingsbundinn stuðningur við unglinga í meðferð, í samvinnu við forstöðumann og verkefnastjóra.
- Önnur tilfallandi verkefni samkvæmt starfslýsingu og sem yfirmaður felur starfsmanni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla og/eða menntun sem að mati forstöðumanns nýtist í starfi, t.d. í meðferðar-, tómstunda- eða íþróttastarfi.
- Geta tileinkað sér þá meðferðarnálgun og verklagsreglur sem unnið er eftir á Lækjarbakka.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Geta unnið sjálfstætt og í teymi.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.

Frekari upplýsingar um starfið.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Sameyki hafa gert. Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Allar umsóknir gilda í sex mánuði frá birtingu ef starf losnar að nýju innan þess tíma. Barna- og fjölskyldustofa hvetur alla til að sækja um, óháð kyni.

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2023. Nánari upplýsingar um starfið og umsóknarhlekk er að finna á starfatorg.is.

Nánari upplýsingar veitir: Guðfinna Jenný Þorsteinsdóttir, Forstöðumaður Lækjarbakka (guðfinnat@bofs.is / s. 487 5163).

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundur á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgun
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundur
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL
Skrifstofa Félags eldri-
borgara á Selfossi verður
opin fimmtudaginn
16. mars kl. 13-14:30.

OPIÐ HÚS
Fimmtudaginn
16. mars kl. 14:45. Ung-
mennir úr Tónlistarskóla
Árnesinga skemmta.
Kaffi og meðlæti.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR

S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

**Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.**

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

**Bókhald - ráðgjöf
skattskil**

**Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki**
Persónuleg þjónusta

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
**Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti**

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.



Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi laugardaginn
18. mars, milli kl. 11:00
og 12:00 á Eyravegi
15, Selfossi. Jóhann
Friðrik Friðriksson 2.
þingmaður Framsóknar
í Suðurlandshöfnaði mætir
í spjall. Allir velkomnir.

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messa í Selfosskirkju kl. 11.
Gunnar Jóhannesson þjónar
fyrir altari. Organisti Edit Molnár.
Kór Selfosskirkju leiðir safnaðar-
sönginn. Verið öll velkomin.

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Sunnudaga kl. 11:00. Samkoma,
sunnudagaskóli og kaffiveitingar.
English translation available.
Allir innilega velkomnir. www.selfossgospel.is.

Hveragerðiskirkja
Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.
Einar Aron töframaður kemur
fram. Barnakór kirkjunnar syngur.
Skemmtileg og innihaldsrík
samverustund fyrir alla fjölskylduna.

Kotstrandarkirkja
Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Ninna
Sif Svavarsdóttir þjónar. Kirkju-
kór Hveragerðis - og Kot-
strandarsókna syngur, organisti
Miklós Dalmay.

Hrunaprestakall
Kúamessa í fjósinu í Gunn-
bjarnarholti sunnudaginn 19.
mars kl. 20. Kirkjukórar Hruna-
prestakalls syngja undir stjórn
organistanna, Stefáns og Þor-
bjargar. Rítingarorð, hugvekja,
bæn og blessun. Prestur sr.
Óskar Hafsteinn Óskarsson.
Heimilisfólk býður upp á rjúk-
andi kaffi. Lopapeysa og föður-
land æskilegur messufatnaður.
Verið hjartanlega velkomin!

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 18. mars.
Bíblíulexíur kl. 11 og guðsþjón-
usta kl. 12, Elías Theódórsson
prédikar. Verið velkomin.

Torfastaðakirkja
Messa í Torfastaðakirkju sunnu-
daginn 19. mars kl. 11.00 Sr.
Dagur Fannar Magnússon pré-
dikar og þjónar fyrir altari. Jón
Bjarnason organisti leikur undir
almennan safnaðarsöng.

Pingvallakirkja
Messa í Pingvallakirkju sunnu-
daginn 19. mars kl. 14.00. Sr.
Kristján Björnsson prédikar og
þjónar fyrir altari. Jón Bjarnason
organisti leikur undir almennan
safnaðarsöng.

Mosfellskirkja
Föstu Messa í Mosfellskirkju í
Grímsnesi miðvikudaginn 22.
mars kl. 20.00. Sr. Dagur Fannar
Magnússon þjónar fyrir altari. Sr.
Pétur Ragnhildarson prédikar og
Jón Bjarnason organisti leikur
undir almennan safnaðarsöng.

TIL SÖLU



Sófasett
Til sölu vandað sófasett, smíðað
að Trésmíðju Meidi. Uppl. í síma
864 1275.

HEILSA

Nudd –
Svæðanudd

Dáleiðsla

**Augnlestur og
heilsuráðgjöf**

**Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum**

Alla fimmtudaga í
Heilsulindinni Miðgarði,
Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

ÞJÓNUSTA

Faglærður málari

Vantar þig faglærðan málara í
smáverkefni innan- eða utan-
húss í sumar? Tilboð eða tíma-
vinna. Nánari uppl. í síma 777
6466 á Selfossi. JD Málun.

TIL LEIGU

Einbýlishús til leigu

Til leigu glæsilegt 5 herb. ein-
býlishús við Bankaveg á
Selfossi. Mögulegt að leigja það
með húsgögnum. Uppl. í síma
864 1275.

Enn er kuldaboli að minna á sig

Kæru íbúar. Við viljum enn
og aftur hvetja alla til að
fara vel með heita vatnið og fara
eins sparlega með það og hægt
er.

Ljóst er að á meðan þessi
kuldatið varir verður skert þjón-
usta í til dæmis sundlaugar og
íþróttamannvirki þar sem varmi
til húshitunar er í fyrsta forgangi.

Staðan er síðan metin hvort
þörf sé á að herða eða slaka á að-
gerðum en reynt er að hafa þetta
sem sársaukaminnst fyrir íbúa.
Með þessum aðgerðum hefur
engingöngið vel að tryggja varma til
húshitunar og allt útlið fyrir að
svo verði áfram ef ekki koma
upp bilanir.

Fólk getur sparað heitt vatn
og þar með kyndikostnað sinn
með því að gæta að því að
gluggar séu ekki opnir og útidur
ekki látnar standa opnar lengur
en þörf er á.



Þá skipta einnig máli stilling-
ar ofna, að óþarfliga heitt vatn
renni ekki frá þeim og að ofn-
arnir séu ekki byggðir, til dæmis
með síðum gluggatjöldum eða
húsgögnum.

Þá eru heitir pottar við heimili
talsvert þurftaþreikir á vatnið og
gott að hafa í huga að fara spar-
lega með neysluvatn eins og við
uppvask og böð (sturtur, bað-
kór).

Selfossveitur



Frá Selfosskirkju

Verið velkomin öll til messu í Selfosskirkju sunnu-
daginn 19. mars. kl. 11. Prestur er sr. Gunnar
Jóhannesson og kór Selfosskirkju leiðir safnaðar-
sönginn undir stjórn Edit Molnár organista.

Leikskólabörn sem hafa tekið þátt í námskeiðinu
„Söngur og gleði“ undir stjórn Guðnýjar Birgisdóttur
og Edit Molnár munu syngja í upphafi messunnar.
Einnig mun Bergþóra Kristínardóttir leika á fiðlu í
messunni.

Súpa og brauð gegn vægu gjaldi bíður í safnaðar-
heimilinu að messu lokinni.

Njótum saman góðrar stundar í kirkjunni okkar.



MENNTSKÆLINGAR VIKUNNAR

Í tilefni af 70 ára afmæli Menntaskólans að Laugarvatni, þann 12. apríl nk., ætlum við, í aðdraganda afmælisins, að birta vikuleg viðtöl við gamla nemendur Menntaskólans að Laugarvatni um þeirra upplifun af ML. Fyrstu tveir viðmælendurnir eru þau Leó Ingi Sigurðarson, kennari við ML og Ninna Karla Katrínardóttir, listförfundunarfræðingur.

ekki er að þroska mann fljótt og örugglega félagslega, það er ekki annað hægt en að taka þátt og vera með.

Ninna: Það sem kemur fyrst upp í hugann er samstaðan. Það myndast svo góðar tengingar, bæði meðal nemenda en einnig við starfsfólk skólans og ég tel að það sé vegna þess hvað þetta er lítill skóli, öll kynnst og öll standa saman.

Af hverju varð ML fyrir valinu?

Leó: Ég bjó nú bara á Laugarvatni og eldri bróðir og eldri systir höfðu farið þangað á undan mér. Móðir okkar hafði verið í skólanum á sínum tíma og allir töluðu vel um hann. Svo var ég í 10. bekk búinn að læðast inn þegar bróðir minn fékk mig til að aðstoða við að græja að koma upp Útvarpi Benjamín, líklega vorið 2002. Ég tók eftir því þá að það var góð stemning í skólanum og mér fannst ég geta átt samleið með þessu fólki sem ég kynntist þarna.

Ninna: Ég fór í ML eftir að hafa verið í eitt ár í FSu. Fjölbautakerfið hentaði mér ekki, ég skröpaði mig út úr skólanum og fór á Laugarvatn af því að pabbi bestu vinkonu minnar var skólameistari þar. Svo hentaði bekkjarkerfið mér miklu betur.

Áttu þér uppáhalds minningu úr skólanum?

Leó: Já... nokkrar. Fyrsti kossinn, fyrsta sambandið, fyrsti gítarinn, fyrsta ástarsorgin, fyrsta lagið sem ég samdi. Það gerist náttúrulega ótrúlega mikið nýtt í lífi manns á þessum árum. Ef ég verð að velja eina minningu þá er það kannski að frumflytja tónlist með félögum mínum í skólahljómsveitinni Spirit of Moonflower. Við frumfluttum tónlist á að ég held fyrsta Diddanum sem var haldinn líklega 2003 eða 2004. Diddinn er s.s. tónleikakvöld þar sem ML-ingar

koma fram og spila tónlist sína fyrir skólann.

Ninna: Það er mjög erfitt að velja en sú fyrsta sem kemur upp í hugann er fyrsta ísveislan sem ég tók þátt í. Kvemel (kvenrembúfélag ML) var (og er kannski enn?) með þá hefð að við þurfum að borða ákveðið magn af ís án þess að strákarnir finni okkur. Í fyrstu ísveislunni grunaði þá að við værum að fara að halda ísveislu svo Jón í H-Sel skóflaði okkur öllum inn í hestakerru og keyrði með okkur í tvo klukkutíma um sveitina og strákarnir í bílum á eftir okkur þar til þeir misstu af okkur. Þá fórum við í einhvern sumar-bústað þar sem við mokuðum í okkur ís sem var nánast alveg bráðnaður eftir þennan rúnt og ég man að ég var að skófla upp í mig ís með höndunum, sem voru allar út í hestaskít.

Hvernig upplifun var að fara að heiman og flytja inn á heima-vist?

Leó: Það var spennandi. Það tók á að venjast því að vera með öðrum í herbergi sem var kannski ekki með sama þrífstandard og maður sjálfur. En þetta var mjög þroskandi en líka mikið bull eins og að spila tölvuleiki langt fram eftir öllu um helgar.

Ninna: Það var alveg stressandi en ótrúlega gaman. Fyrstu næturnar átti ég mjög erfitt með að sofna vegna þess að ég var svo von að sofna út frá hrotunum í pabba mínum en vantaði þær alveg á vistina.

Ertu ennþá í sambandi við skólafélagana?

Leó: Já, nokkra, en ég vildi að við værum duglegri að hittast strákarnir. Heyri og frétti af því að stelpurnar í árgangnum okkar séu miklu duglegri við að halda sambandi. Kannski er það almennt þannig, ég veit það ekki.

Ninna: Já, ekki eins mikið og



Leó Ingi Sigurðarson.



Ninna Karla Katrínardóttir.

áður en þó eitthvað. Ég er í saumaklúbb með nokkrum af skólasystur minum og við reynum að hittast reglulega og erum mikið í samskiptum á samfélagsmiðlum.

Hvers saknarðu mest við að vera í ML?

Leó: Það að geta haft fullt af tíma til að stunda hobbíin sín. Það að spila tölvuleiki og músík. Að eyða tíma með félögum í að semja og búa til tónlist er líklega það sem ég sakna mest.

Ninna: Að borða matinn hans Svenna og að geta farið með fötin mín í þvott og fengið þau samanbrotin til baka.

Hvernig telur þú að menntaskólagangan hafi mótað þig sem einstakling?

Leó: Ég held að ég hafi orðið aðeins minni intróverti og opnast félagslega og þannig lært mjög mikið um mannlegt eðli. Held að það hafi kveikt í heimspekingnum í mér, að pæla í fólki. Ég fór að spyrja mig af hverju við erum öll eins en samt svona mismunandi. Hvað veldur?

Ninna: Hún mótaði mig að mjög miklu leyti. Ég lærði að standa með sjálfri mér og ég þroskaðist heilmikið, enda að flytja að heiman mjög ung. Ég tala ennþá um að þessi ár á Laugarvatni

hafi verið bestu fjögur ár lífs míns, ég bjó þar á sumrin líka og vann hin ýmsu störf þar og get með sannni sagt að ég varð fullorðin á Laugarvatni.

Myndir þú mæla með því við sunnlensk ungmennt að fara í ML?

Leó: Klárlega! ML veitti mér rými til að fá að koma til dyra eins og ég er klæddur. Ég fékk tækifæri á að þroskast og mótast sem einstaklingur. Ef mig langaði að gera eitthvað eins og að halda LAN, spila tölvuleiki saman sveittir í skólafélaginu. Eða stofna hljómsveit og æfa á hljóðfæri, þá voru engin vandamál bara lausnir. Allir vegir voru færir, flestallar hugmyndir fengu að flakka. Ég bý vel að þessum mótnararum í dag og tel líklegt að það góða viðmót sem tók við manni í ML hafi blásið í mann mikið hugrekki sem er gulls ígildi.

Ninna: Já, ekki spurning. Ég á tvær dætur á unglingsaldri sem ég er að reyna að hvetja til að fara í ML. Þetta er svo þroskandi og mótandi, að fara svona snemma að heiman og standa á eigin fótum, en þó með stuðning jafningja þinna sem og kennara og starfsfólks. Svo er alltaf hægt að fara heim um helgar til að fá foreldraknú.

Einfalt og þægilegt!

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl** og **myndabækur**.



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Stimplar



Góð þátttaka á Vetrarleikum FSu

Vetrarleikar FSu er skemmtileg hefð sem er búin að eiga sér stað samhliða kátum dögum allt frá árinu 2006. Þann 1. mars síðastliðinn voru þeir haldnir á félagsvæði Sleipnis. Góð þátttaka var á mótinu og voru það fyrsta árs nemendur sem stóðu að baki framkvæmd mótsins sem að gekk afar vel, mikill metnaður er hjá nemendum að fræðast og læra meira. Því fengu þau styrki hjá reyndum og öflugum reiðkennurum í reiðkennslu.

Keppt var í tveimur greinum, tólti og mjólkurtólti. Þökk sé frábærra styrktaraðila var unnt að veita vegleg verðlaun í allar greinar en að auki fengu allir keppendur glaðninga.

Í tólti voru 17 keppendur skráðir til leiks og komust 8 efstu knaparnir áfram og kepptu til úrslita, í mjólkurtólti voru 11 keppendur skráðir til leiks og hlutu 3. efstu knaparnir verðlaun.

Dómari mótsins að þessu sinni var Ragnar Stefánsson við þökkum honum kærlega fyrir.

Úrslitin urðu eftirfarandi:

Tólt

1. Kristján Árni og Glámur frá Hafnarfirði
2. Unnsteinn Reynisson og Fúga frá Breiðholti í Flóa
3. Jónína Danielsdóttir Agla frá Dalbæ
4. Lilja Dögg og Nökkvi frá Litlu-Sandvík
5. Jessica Ósk og Gjölf frá Brenniborg

6. Sunna og Slyngur frá Sperðli
7. Margrét og Lyfting frá Höfðabakka
8. María Björk og Sunna frá Stóra-Rimakoti

Mjólkurtólt

1. Jessica Ósk og Fold frá Hallgilsstöðum
2. Lilja Dögg og Hviða frá Eldborg
3. Sunna og Náttfari frá Vestri-Geldingaholti
4. Margrét og Lyfting frá Höfðabakka
5. Sigurbjörg og Vaka frá Leirubakka
6. Keira Líf og Mánadís frá Ingólfsvoli
7. María Björk og Sunna frá Stóra-Rimakoti
8. Ólafur og Gjölf frá Brenniborg

Reiðmennskuverðlaunin hlaut Kristján Árni á hestinum Glámi frá Hafnarfirði en verðlaunin voru gefin af Baldvin og Þorvaldi.

Verðlaunin fyrir efnilegasta parið hlaut Jónína á Öglu frá Dalbæ verðlaunin voru gefin af Hreinu Takti.

Einnig hlaut parið með besta tímann óháð refstistigum verðlaun, en það var Jessica Ósk og Fold frá Hallgilsstöðum. Gefandi þeirra verðlauna var Efnalaug Suðurlands.

Verðlaunapeningarnir voru frá Karl Úrsmiði og greiddir af Nemendafélagi FSu, við þökkum þeim fyrir stuðninginn.



Kristján Árni og Glámur frá Hafnarfirði. Mynd: Aðsend.

Vinningar voru fjölmargir og er eftirtöldum styrktaraðilum þakkað kærlega fyrir stuðninginn: Almar Bakari, Baldvin og Þorvaldur, MS, Stúdíó Sport, Ópus Studio, Skalli, Efnalaugin, Dominos, Húsasmiðjan/Blóma-val, Fóðurblandan, Lifland, Dýrasjúkraþjálfun hjá Söndru, Hreinn Taktur, Járn og Hófar, Hestvit, Kjarr, Mjósyndi, Sigvaldi Lárus Guðmundsson, Pula, Þórdís Erla Gunnarsdóttir, Friða Hansen, Svanhildur Guðbrandsdóttir, Vesturkot, Hófadynur og Nemendafélag FSu.

JÁRNSMIÐIR Á ÁRBORGARSVÆÐINU!

Fékkst þú lánaðan valsinn minn? Fyrir ca. 2-3 árum fékk einhver lánaðan valsinn minn.

Ef viðkomandi les þetta, vinsamlegast hafið sambandið við Árna Oddst. í Vík. Sími 868 3539



HREINGERINGA-þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar

Steintoppabreinsun, teppabreinsun, bón, gluggabreinsun o.fl.

Sími 897 8444

Freint um allt Suðurland



Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþjónustur - Almennar raflagnir

**Rétting
og málun**

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

☎ **480 8020**



VÉLALEIGA
SUÐURLANDS
☎ 699-5403

Við leigjum út vélar
ásamt því tökum við að
okkur alla jarðvinnu.

Við erum á Facebook:
Vélaleiga Suðurlands

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



**Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun**

Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

**Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi**

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús

Öryggiskerfi

Eftirlitsmyndavélakerfi

Hljóðkerfi

Símkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Vilmundur
Guðmundsson Sigurðsson
Sími 694 4922 Sími 779 6777

**Sprettur
ÁBURÐUR**

Skeljungur

Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Pípulagnir Júlla

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is



**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is